

# **Bekkjarnámskrá**

## **4. bekkur**

**Skólaárið 2025 -2026**

## Bekkjarnámskrá 4. bekkjar

**Umsjónarkennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir  
**Sérkennarar:** Laufey Eyþórsdóttir  
**Stuðningsfulltrúar:** Álfheiður Elín Bjarnadóttir, Sigríður Jónsdóttir og Þóra Steinunn Gunnarsdóttir

**Kennsluaðstæður:** Í 4. bekk eru 42 nemendur, kennt er í stofum 206 og 207.

### Íslenska

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir

#### Lestur, lesskilningur, orðaforði og málfræði.

**Markmið:** Stefnt er að því að allir nemendur verði vel læsir og geti lesið margs konar texta sér til gagns og ánægju. Áhersla verður lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Nemendur flytja texta fyrir áheyrendur. Nemendur eru hvattir til að temja sér bóklestur og gera hann að sjálfsögðum hluta daglegs lífs. Stefnt er að því að 90% hafi náð 80 orðum, 50% 120 og 25% 145 orðum á mínútu í lestrarleikni að vori.

**Námsefni:** Sögusteinn og lestrarbækur, Lesrún 2, ýmsir textar að eigin vali eða valdar af kennurum, vinnubækur og verkefni.

**Hljóðlestur:** Áhersla verður lögð á að nemendur lesi í hljóði, bækur að eigin vali, í skólanum. Þeir eru einnig hvattir til að lesa í hljóði heima.

**Námsmat:** Lesfímipróf eru í september, janúar og maí. Stöðluð próf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Lesskilningsprófið Orðarún er lögð fyrir í október og mars. Nemendur æfa framsögn fyrir Litlu upplestrarkeppnina sem haldin er í mars.

#### Skrift og ritun:

**Markmið:** Nemendur þjálfist í að skrifa margs konar texta frá eigin brjósti eða eftir heimildum. Nemendur geti skrifað læsilega og áferðarfallega ítalska skrift og þjálfist í að skrifa tengda skrift. Nemendur leggi sig fram um að stafsetja rétt og skrifi daglega í skólanum.

**Námsefni:** Ritun er m.a. æfð með því að skrifa sögur, endursagnir og frásagnir af ýmsum toga. Skrifin er þjálfuð í verkefnabókunum Ítaliuskraft.

**Námsmat:** Verkefni metin jafnt og þétt yfir veturinn.

**Heimalestur:** Nemendur eiga að lesa upphátt heima a.m.k. 5 sinnum í viku í 15 mínútur í senn.

## Stærðfræði

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir

Laufey Eyþórsdóttir

**Markmið:** Unnið verður áfram með undirstöðuatriði stærðfræðinnar, hugtök og tákni. Nemendur ná betri tókum á samlagningu, frádrætti, margföldun, deilingu, mælingum, rúmfræði og fl. Nemendur geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna, skráð niðurstöður og rætt um stærðfræðileg verkefni.

**Námsefni:** Sproti 4a og 4b ásamt æfingahefti. Verkefni frá kennurum.

**Námsmat:** Kaflapróf í Sprotu eftir hvern námsþátt. Próf í janúar og maí.

## Samfélagsfræði og náttúrufræði

**Kennarar** Árný Herbertsdóttir og Álfðís Hrefna Þorleifsdóttir

**Markmið:** Nemendur bæti við þekkingu sína á samfélaginu og mannkynssögunni sem og ýmsum náttúrufræðilegum ferlum og lífernir dýra. Nemendur læri t.a.m. um vatnsorku, hljóð, fugla, um spendýr, heilbriggt líferni, trúarbrögð og ýmsar hringrásir náttúrunnar.

**Námsefni:** Halló heimur 3, Komdu og skoðu sögu mannkyns, Trúarbrögðin okkar, Komdu og skoðu hafið. Komdu og skoðu hringrásir. Verkefni útbúin af kennurum.

**Námsmat:** Símat verkefni sem unnin eru gilda til einkunnar, ástundun og vinnubrögð..

## Enska

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Victoria Rose Germono De Vera

**Markmið:** Að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Notuð verður tónlist, hreyfingar og ímyndun í leik. Farið yfir ýmis hugtök s.s. tölur, liti, hlutir tengdir skóla, fjölskyldu o. fl. Nemendur byrja að skrifa einfaldar setningar á ensku.

**Námstilhögun:** Kennt er tvo tíma á viku.

**Námsefni:** Yes we can 4 auk verkefnablaða frá kennurum.

**Námsmat:** Símat..

## Lífsleikni

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfdrís Hrefna Þorleifsdóttir

**Markmið:** Að hafa uppbyggingastefnuna að leiðarljósi, að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda. Umferðarfræðsla.

**Námsefni:** Farið yfir atriði samkvæmt uppbyggingarstefnunni. Unnið með nýtt námsefni, Fasthetjur.

**Námstilhögun:** Bekkjarmundir og samvera.

**Námsmat:** Óformlegt námsmat.

## Upplýsingatækni

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfdrís Hrefna Þorleifsdóttir

**Markmið:** Að nemendur geti notað ritvinnsluforrit og náð í upplýsingar af netinu. Að þeir læri rétta fingrasetningu.

Nemendur auki við þekkingu sína og notkun á bókasöfnum. Þjálfist í notkun á stafrófinu og að fletta upp í ýmiskonar fræðiritum.

**Námstilhögun:** Unnið í tölvuveri þar sem fingrasetning er þjálfuð og undirstöðuatriði í ritvinnsluforritinu Word. Ýmis verkefni unnin á spjaldtölvur s.s. stærðfræði þjálfun, sögugerð og stafsetning.

**Námsmat:** Símat, ástundun og vinnubrögð.

## Textilmennt

**Kennari:** Kjartan Ágúst Pálsson

**Markmið:** Æfa saman hug og hönd, kynnast ólíkum efnum og áherslum, auk þess að njóta sköpunar og læra einfaldar vinnuaðferðir og vandvirkni. Efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.

**Námsefni:** Nemendur læra vélsaum, sauma í höndunum og fá að kynnast hekli.

**Námstilhögun:** Kennt er í handmenntastofu í verkgreinahúsinu. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku, 6 vikur í senn.

**Námsmat:** Vinnubrögð eru metin eftir hverja lotu. Lokaeinkunn byggist á virkni, vinnubrögðum og ástundun.

## Myndmennt

- Kennari:** Sólveig Edda Vilhjálmisdóttir
- Markmið:** Að nemendur læri að greina og beita fjölbreyttum aðferðum og tækni. Nemendur læri að vinna með þrívídd, teikningu, málun og blandaða tækni. Efla þrautseigju og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Námstilhögun:** Nemendur eru í tveimur hópum, annarsvegar í myndmenntastofu og hinsvegar stofu 2017. Nemendur fá 1 kennslustund á viku allan veturinn.
- Námsefni:** Ýmis efniviður og námsgögn tekin saman af kennara.
- Námsmat:** Markmið metin við lok hverrar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati.

## Tónmennt

- Kennari:** Árný Herbertsdóttir
- Markmið:** Að nemendur læri ýmis lög og texta. Hlusti á mismunandi gerðir tónlistar og fái að kynnst nokkrum tónskáldum og söngvamyndum.
- Námstilhögun:** Ein kennslustund í viku.
- Námsefni:** Nemendur vinna með verkefnabókina Tónlist og umhverfi og einnig er farið í samþættingu með öðrum greinum.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

## Heimilisfræði

- Kennari:** Guðlaug Jónsdóttir
- Markmið:** Að nemendur:
- læri um heilbrigða lífshætti almennt - mataræði, hreyfing, hvíld, andleg og félagsleg heilsa.
  - geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
  - geti útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
  - geti farið eftir einföldum uppskriftum.
  - geti notað einföld mæli- og eldhúsáhöld.
  - viti um helstu hættur sem fylgja vinnu í eldhúsi - varnir og viðbrögð við þeim.
  - öðlist nokkra þekkingu á hugtakinu sjálfbærni og hvernig það tengist heimilisfræðinni.
  - læri um kostnað við máltíðir og nesti í skólann.
  - læri á einfaldan hátt um merkingar á umbúðum.
  - öðlist nokkra þekkingu á kolefnisspori matvæla.

- Námstilhögun:** Hringekja, fjórir hópar. Hver hópur tekur 2 tímabil í hverri grein, eitt fyrri part vetrar og annað seinni hluta vetrar. Nemendur mæta í tvær samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu.
- Námsefni:** Kennslubók: Heimilisfræði 4.
- Námsmat:** Nemendur fá gefin tákni sem tengjast hæfniviðmiðum. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori. Áhersla á leiðsagnarmat.

## Tæknimennt

**Kennari:** Linda Kristín Grétarsdóttir

**Markmið:** Að nemendur geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- framkvæmt einfaldar samsetningar.
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- lagt mat á eigin verk.
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- gengið vel um smíðastofuna og taki virkan þátt í frágangi.

**Námstilhögun:** Nemendur fá 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

**Námsefni:** Vinnulýsingar frá kennara.

**Námsmat:** Markmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati.

## Íþróttir

**Kennarar:** Lillý Viðarsdóttir, Árni Heiðar Ívarsson og Sigríður Guðjónsdóttir

**Markmið:** Meginmarkmið skólaíþróttar er að stuðla að almennum hreyfiproska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

**Námstilhögun:** Hver nemandi fær 2 íþróttatíma á viku og 1 sundtíma. Kennslan fer fram í Íþróttahúsinu við Austurveg. Íþróttir eru kenndar úti í september og maí.

**Námsmat:** Nemendur fá gefin tákni sem tengjast hæfniviðmiðum. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin að vori. Áhersla á leiðsagnarmat.

## Útivist

**Kennarar:** Árný Herbertsdóttir og Álfís Hrefna Þorleifsdóttir

**Markmið:** Nemendur byggi upp almenna líkamshreysti og þrek. Efla jákvætt viðhorf til hreyfingar og jákvæða sjálfsmynd. Að nemendur svali hreyfipörf og nýjungagirni, þekki nánasta umhverfi skólans og njóti þess að vera úti í náttúrunni.

**Námstilhögun:** Kennt er einu sinni í viku, samþætt verkefnum sem eru í gangi hverju sinni..

**Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

<http://vefir.nams.is/namsmat/haefnividmid.html>

Einkunnir gefnar í bókstöfunum:

A, B+, B, C+, C, D+ og D.